og son og dóttur. Kjemur þar nú kóng-
-ur og drotníng, og lystu harmulega
unnu son sinn; enn hann fjell 3 sinn-
um í óvit á lítilli stundu; og er hann
raknaðist, þá mælti hann: aumi dau-
ði, sagði hann, því gleimir þú mjer?
leið mig eptir Blankiflúr! móðir,
sagði hann, leið mig til grafar Blanki-
-flúr. enn er hann hafði lesið letrið
á steininum, þá fjell hann í óvit;
og sem hann raknaðist, settist hann ni-
-ður hjá steininum, og tók að ha-
-rma Blankiflúr, og mælti svo: vor-
-um báði senn gjetinn, og á einumm de-
-iggi fædd báði; hversu skildumm
við ekki báði deiggja senn, ef dauð-
-inn væri rjettvís? og enn mælti hann;
aumi Blankiflúr! slíka sá jeg aldrei
jafnfríða, jafnvitra, jafnvel kunn-
andi, og aldrei mun jeg síðan sjá;
eingi fer með þenna skrifað, nje
með manni sagt alt sitt lof; þú að-
-ist báði í senn, úng og gömul; hver
maður elskaði þig; dauði, sagði hann,
þú ert öfundsjúkur, elskar þann, er þig
elskar ekki; þig má eingi flandast, enn þó
vilt þú hann ekki, er þín leitar, enn þá er hann
vildi lifa, deyðir þú hann, og ef einhver þá-
-tækur eða gamall, meiggi ekki bera hapur sitt
sakir elli, kallar hann á þig, og vilt ekki
heira hann; hverjumm manni gjerir þú rángt
og rángt gjerir þú mjer, er þú tókst Blan-
kiflúr frá mjer, er gjarnan vildi lifa; heir
mig, og kalla á þig, enn ef þú flýr mig, þá
skal jeg þó sannlega fylgja þjer, sagði hann;
ef maður vill deiggja, þá fer þú ekki; mun eg
og þessu ekki leingi bíða, því að áður kvöld
komi, skal eg mig sjálfur deyða, því að jeg
elska ekki þetta líf, síðan þú tókst frá
mjer Blankiflúr; nú skal jeg fara til Bló-
-mstravallar, því að þar bíður mín Blank-
-iflúr unnusta mín; það kölluðu bændur menn
Paradís eða Blómstravöll, er á stendur með
blómum. Nú stóð hann upp og leitar sjer að dauða,